

Í skólavistun eru nemendur í frjálsum leik úti og inni eftir aðstæðum hverju sinni. Svæði skólavistunar í Þjórsárskóla er í kennslustofa 1.-2. bekkjar og einnig eru önnur svæði skólans s.s. eldhús og opin rými notuð.

Reglur um skólavistun

1. Boðið er upp á skólavistun til kl. 17:00 mánudag – fimmtudags, þá daga sem kennsla er. Vistunarstaður er Þjórsárskóli, Árnosi. Ekki er nauðsynlegt að nemendur séu vistaðir alla dagana og hægt er að semja um tímalengd. Þurfi foreldri að lengja vistunartímann í einstök skipti þarf að greiða fyrir það aukalega sbr. verðskrá.

2. Hámarksfjöldi einstaklinga í vistun þ.e. nemenda í 1. – 4. bekk er 10.

3. Einn starfsmaður starfar við vistunina ásamt skólastjóra sem sinnir umsjón. Nemendur fá síðdegishressingu.

4. Til þess að starfsemin geti þrífist þurfa að vera a.m.k. tveir nemendur í vistun.

5. Nái fjöldi nemenda ekki tíu er heimilt að taka nemendur inn dag og dag í aukavistun. Jafnframt geta þeir sem eru með börn sín í vistun ákveðinn tíma lengt daginn vegna sérstakra ástæðna eða bætt öðrum við gegn aukagreiðslu.

6. Boðið verður upp á skólaakstur í Brautarholt um kl. 16 þá daga sem vistun er ef tveir eða fleiri nemendur þiggja akstur.

7. Taxti – skólavistunar.

Kostnaður pr. klst. er kr. 192

Matur kr. 208.-, mjólk og brauð kr. 63.-

Ef beðið er um aukavistun kostar klst. 284.- og náðarkorterið kr. 74.-.

Taxti fylgir breytingum á gjaldskrá sveitarfélagsins.

Systkinaafsláttur: Yngsta barn greiði fullt gjald, 25% af öðru barni 50% af því þriðja.

Einstæðir foreldrar fá 25% afslátt af vistunargjaldi.

8. Þá daga sem skóli er búinn fyrr en stundatafla segir til um er boðið upp á skólavistun en greitt er fyrir þá tíma aukalega og kostar klst. 172 kr. Skólaakstur er skv. tímatöflu í 6. gr.

9. Sækja þarf um breytingar á vistunartíma með góðum fyrirvara til skólastjóra.

Ef eitthvað óvænt kemur upp á og ekki næst í skólastjóra skal nýta símanúmer starfsmanns.

10. Skólareglur gilda í skólavistun.

Lagt fram í skólanefnd 10. ágúst 2010.